

22. október 2013

Tilkynning frá Aðföngum

Með hliðsjón af neytendavernd hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla wasabihnetur í 200 gramma pokum sem seldar eru undir vörumerkinu HEIMA.

Ástæða innköllunarinnar er að innihaldslýsing vörunnar er ekki nægilega nákvæm hvað varðar tegund hnetanna sem í vörunni eru. Hneturnar eru jarðhnetur en innihaldslýsing vörunnar tilgreinir ekki ákveðna tegund. Í vörunni getur greinst snefilmagn af hnetum, öðrum en jarðhnetum, þar á meðal möndlum. Varan hentar því ekki einstaklingum með ofnæmi eða óþol fyrir jarðhnetum og/eða öðrum hnetum.

Varan var til sölu í verslunum Bónus, Hagkaupa og Stórkaupa. Athygli er vakin á því að innköllunin varðar vöruna óháð best fyrir dagsetningu.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: HEIMA Wasabihnetur

Strikamerki: 5690350060479

Nettóþyngd: 200g

Best fyrir dagsetningar: *Allar best fyrir dagsetningar*

Viðskiptavinum Bónus, Hagkaupa og Stórkaupa sem keypt hafa vöruna og hafa ofnæmi eða óþol fyrir jarðhnetum er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem orðið hafa fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530-5645 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

